

- 79 Næturvinnna telst frá kl. 21—8, en helgidagavinna frá kl. 17 á laugardögum.
 20. maí Yfirvinna skal greidd í einu lagi eftir á fyrir hvern mánuð.
 Heimilt er að víkja frá ofangreindum reglum um yfirvinnu og yfirvinnukaup, þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur og skal leita þar um tillagna BSRB.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 60 1945 um laun starfsmanna ríkisins og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1955.

Eysteinn Jónsson.

Kristján Thorlacius.

- 80
 25. maí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Stykkishólms, nr. 148 5. nóv. 1948.

Hreppsnefnd Stykkishólmshepps er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskránni um allt að 100%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 25. maí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

81 MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN

Ársreikningur 1954.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr. 655.99
Aukning samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 32.75
	<hr/> Kr. 688.74

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr. 32.75
	<hr/> Kr. 32.75

Gjöld:

Lagt við höfuðstól	kr. 32.75
	<hr/> Kr. 32.75

Forsætisráðuneytið, 18. maí 1955.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.